

## REGLUGERÐ

### um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 182/2012 frá 28. september 2012 gildir eftirtalin ESB-gerð hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIX. viðauka við EES-samninginn um neytendavernd, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 954/2011 frá 14. september 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal með reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 182/2012 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, 13. desember 2012, bls. 44.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. gr. laga nr. 56/2007, um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 25. febrúar 2013.*

**Ögmundur Jónasson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) NR. 954/2011**

frá 14. september 2011

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd**

(Texti sem varðar EES)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar bandalaganna <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lögjafar meðferð <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 2006/2004 <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um við hvaða aðstæður lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, sem eru tilnefnd ábyrg fyrir framkvæmd laga til verndar hagsmunum neytenda, skuli hafa samstarf sín á milli og við framkvæmdastjórnina til að tryggja að farið sé að þessum lögum og til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins og til að auka fjárhagslega vernd neytenda.

- 2) Í a-lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 eru „lög til verndar hagsmunum neytenda“ skilgreind sem tilskipanir eins og þær eru leiddar í landslög aðildarríkjanna og reglugerðir sem eru tilgreindar í viðaukanum við reglugerðina („viðaukanum“).

- 3) Frá því reglugerð (EB) nr. 2006/2004 öðlaðist gildi hafa margar lagagerðir, sem eru tilgreindar í viðaukanum, verið felldar úr gildi og ný lögjöf samþykkt.

- 4) Tilskipun 84/450/EBE <sup>(4)</sup> hefur verið felld úr gildi og í stað hennar kemur tilskipun 2006/114/EB <sup>(5)</sup>. Því er rétt að tilvísun til tilskipunar 84/450/EBE falli brott úr viðaukanum og í stað hennar komi tilvísun til þeirra sértæku greina tilskipunar 2006/114/EB sem miða að því að vernda hagsmuni neytenda.

- 5) Tilskipun 87/102/EBE <sup>(6)</sup> hefur verið felld úr gildi og í stað hennar kemur tilskipun 2008/48/EB <sup>(7)</sup>, en þar er ekki sérstaklega kveðið á um að tilvísanir til tilskipunar 87/102/EBE, sem hefur verið felld úr gildi, beri að túlka sem tilvísanir til tilskipunar 2008/48/EB. Með skírskotun

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 218, 23.7.2011, bls. 69.<sup>(2)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 5. júlí 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. júlí 2011.<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) (Stjtið. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1).<sup>(4)</sup> Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar (Stjtið. EB L 250, 19.9.1984, bls. 17).<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/114/EB frá 12. desember 2006 um villandi auglýsingar og samanburðarauglýsingar (Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 21).<sup>(6)</sup> Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtið. EB L 42, 12.2.1987, bls. 48).<sup>(7)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánsamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 87/102/EBE (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66).

til réttarvissu er því rétt að í stað tilvísunar til tilskipunar 87/102/EBE í viðaukanum komi tilvísun til tilskipunar 2008/48/EB.

- 6) Tilskipun 89/552/EBE <sup>(1)</sup> hefur verið felld úr gildi og í stað hennar kemur tilskipun 2010/13/ESB <sup>(2)</sup>. Samkvæmt annarri málsgrein 34. gr. í tilskipun 2010/13/ESB ber að túlka tilvísanir til tilskipunar 89/552/EBE sem tilvísanir til tilskipunar 2010/13/ESB. Fyrir skýrleika sakir er þó rétt að í stað tilvísunar til tilskipunar 89/552/EBE í viðaukanum komi tilvísun til viðeigandi greina tilskipunar 2010/13/ESB.

- 7) Tilskipun 93/13/EBE <sup>(3)</sup> var ekki breytt með ákvörðun 2002/995/EB <sup>(4)</sup>. Því er rétt að tilvísun til þeirrar ákvörðunar falli brott úr viðaukanum.

- 8) Tilskipun 94/47/EB <sup>(5)</sup> hefur verið felld úr gildi og í stað hennar kemur tilskipun 2008/122/EB <sup>(6)</sup>. Samkvæmt Samkvæmt annarri málsgrein 18. gr. tilskipunar 2008/122/EB ber að túlka tilvísanir til tilskipunar 94/47/EB sem tilvísanir til tilskipunar 2008/122/EB. Fyrir skýrleika sakir er þó rétt að í stað tilvísunar til tilskipunar 94/47/EB í viðaukanum komi tilvísun til tilskipunar 2008/122/EB.

- 9) Tilskipun 97/55/EB <sup>(7)</sup> er tilskipun til breytingar á niðurfelldri tilskipun 84/450/EBE. Því er rétt að tilvísun til tilskipunar 97/55/EB falli brott úr viðaukanum.

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinnna ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtið. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinnna ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtið. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjtið. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29).

<sup>(4)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/995/EB frá 9. desember 2002 um bráðabirgðaverndarráðstafanir varðandi innflutning afurða úr dýraríkinu til einkaneyslu (Stjtið. EB L 353, 30.12.2002, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/47/EB frá 26. október 1994 um verndun kaupenda vegna tiltekinnna þátta í samningum um kaup á réttindum til að nýta fasteignir á skiptileigugrunni (Stjtið. EB L 280, 29.10.1994, bls. 83).

<sup>(6)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga (Stjtið. ESB L 33, 3.2.2009, bls. 10).

<sup>(7)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/55/EB frá 6. október 1997 um breytingu á tilskipun 84/450/EBE varðandi villandi auglýsingar þannig að hún taki einnig til samanburðaruglýsinga Stjtið. EB L 290, 23.10.1997, bls. 18).

- 10) Viðaukanum skal breyta til samræmis við það.

- 11) Nauðsynlegt er að meta skilvirkni reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 og beitingu hennar í raun, og gera ítarlega athugun á því hvort þurfi hugsanlega að fella inn í viðaukann fleiri lög sem vernda hagsmuni neytenda, með tilliti til hugsanlegrar endurskoðunar á þeirri reglugerð í því skyni að tryggja löggæslufyrirvöldum aukin úrræði til að greina með skilvirkum hætti brot sem ná yfir landamæri og sem skaða almenna hagsmuni neytenda, rannsaka slík brot og sjá til þess að þau verði stöðvuð eða bönnuð. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin, eins fljótt og unnt er og eigi síðar en fyrir árslok 2014, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf eftir því sem við á.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (EB) nr. 2006/2004 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi grein bætist við:

„21. gr. a

#### Endurskoðun

Eigi síðar en 31. desember 2014 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu þar sem lagt er mat á skilvirkni þessarar reglugerðar og beitingu hennar í raun, og þar sem gerð er ítarleg athugun á því að fella hugsanlega inn í viðaukann fleiri lög til verndar hagsmunum neytenda. Skýrsluna skal byggja á ytra mati og ítarlegu samráði við alla viðkomandi hagsmunaaðila, og henni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf eftir því sem við á.“

- 2) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Nr. 254

25. febrúar 2013

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 14. september 2011.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. BUZEK

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. Dowgielewicz

*forseti.*

## VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2006/2004 er hér með breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. nmgr. komi eftirfarandi:  
„<sup>(1)</sup> Í tilskipunum nr. 6, 8 og 13 er að finna sértæk ákvæði.“
- 2) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:  
„1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/114/EB frá 12. desember 2006 um villandi auglýsingar og samburðaraglýsingar (Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 21): 1. gr., 2. gr. (c-liður) og 4.-8. gr.“
- 3) Eftirfarandi komi í stað 3. og 4. liðar:  
„3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánsamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 87/102/EBE (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66).  
4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjtið. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1): 9., 10., og 11. gr. og 19.-26. gr.“
- 4) Eftirfarandi komi í stað 6. og 7. liðar:  
„6. Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjtið. EB L 95, 21.4.1993, bls. 29).  
7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/122/EB frá 14. janúar 2009 um neytendavernd að því er varðar tiltekna þætti skiptileigusamninga, langtímasamninga um orlofstilboð, endursölu- og skiptasamninga (Stjtið. ESB L 33, 3.2.2009, bls. 10).“
- 5) 9. liður. falli brott.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. mars 2013